

krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maímánaðar.

Nr. 5/1902:

Réttvísinn

gegn

Sigurgeir Sófusi Gissurarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Eyjafjardarsýslu, uppkveðnum 10. janúar þ. á., var hinn ákærði Sigurgeir Sófusi Gissurarson í Skjaldarvík, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 38. gr. sömu laga, í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til skipaðs talsmanns síns í héraði, Júlíusar amtsskrifara Sigurðssonar. En þessum dómi hefir eftir ósk ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann haustið 1900 stal gullhring, 5 króna virði, í baðstofunni á Efsta-Samtúni í Glæsibæjarhreppi, þar sem hann hafði verið nætúr sakir, og hékk hringurinn þar á nagla í baðstofunni. Ákærði var þegar grunaður um að hafa tekið hringinn, og játaði það einnig og skiladi honum aftur nokkru síðar eigandanum. Þá stal og ákærði snemma í júnímánuði f. á. móraud-

um fingravetlingum í stofu á Skútum, þar sem hann var gestkomandi, en hann varð einnig brátt uppvis að þeim stuldi og játaði hann á sig, og voru vetlingarnir, sem hann hafði látið fyrir greiða, innleystir af unnustu hans og fengnir eigandanum. Ákærði hefir einnig kannast við að hafa tekið leyfislaust annara manna hesta til brúkunar, en með því að engin kráfa hefir fram komið um málssókn gegn honum fyrir þann verknad frá hálfu þeirra, er hestana áttu, kemur það brot hans eigi til álita í þessu máli. Og þar sem ákærði er kærður í máli þessu fyrir flakk, hefir ekkert sannast á hann í því tilliti, er refsingardómur verði á bygður.

Ákærði er fæddur 24. júní 1883 og var þann-  
ið eigi fullra 18 ára, er hann framdi þjófnaðaraf-  
brot þau, er á hann hafa sannast. Þykir heg-  
ning sú, er hann hefir til unnið, sámkvæmt 230.  
gr. sbr. 38. gr. hegningarlaganna, sem réttilega er  
vitnað til af undirdómaranum, hæfilega ákveðin í  
aukaréttardóminum 5 daga fangelsi við vatn og  
braud, og með því að yfirdómurinn einnig felst á  
ákvæði dómsins um málskostnaðinn, ber að stað-  
festa hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða  
allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með  
talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við  
yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus  
og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

## Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 8/1902:

Réttvísín

gegn

Stefáni Jónssyni.

## D ó m u r:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn ákærði, Stefán bóndi Jónsson á Skinnalóni, sem er skipaður stefnuvottur í Presthólahreppi, dæmdur fyrir óhlýðni við löglegar fyrirskipanir yfirboðara sinna samkv. 143. sbr. við 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 15 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með bréfi dags. 24. janúar f. á. sendi hreppstjórinn í Presthólahreppi ákærða, sem, eins og áður er sagt, var skipaður stefnuvottur þar, hæsta-